

Vatnslögn í Hrunamannahreppi

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 1. apríl 2026 barst Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS) tilkynning frá Hrunamannahreppi um lagningu 36 km langrar vatnslagnar frá Blákvísl að Flúðum, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 10.17 í 1. viðauka laganna.

HMS leitaði umsagna Hrunamannahrepps, Minjastofnunar Íslands, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Náttúrufræðistofnunar, Umhverfis- og orkustofnunar, Náttúruverndarstofnunar, Forsætisráðuneytisins, Lands og skógar og Vegagerðarinnar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til HMS: Vatnslögn í Hrunamannahreppi. Matsskyldufyrirspurn. 1. apríl 2026.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Vegagerðinni dags. 6. maí 2026
- Landi og skógi dags. 7. maí 2026
- Forsætisráðuneytinu dags. 8. maí 2026
- Náttúruverndarstofnun dags. 11. maí 2026
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dags. 12. maí 2026
- Náttúrufræðistofnun dags. 13. maí 2026
- Umhverfis- og orkustofnun dags. 22. maí 2026
- Minjastofnun Íslands dags. 2. júní 2026

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 19. og 26. maí og 2. júní 2026.


3 Fyrirhuguð framkvæmd

Hrunamannahreppur hyggst virkja lindir Blákvíslar og leggja 36 km langa vatnsveitulögn frá Blákvísl að Flúðum. Vatnsveitan mun afla neysluvatns fyrir íbúa á Flúðum og í nágrenni. Heildarvatnstaka er áætluð um 55 l/sek en áætluð meðalvatnspörf er um 32 l/sek. Framkvæmdaratími er áætlaður frá 2026-2027. Vatnsveitu verður komið fyrir í jörðu og miðað er við að fræsa lögnina niður þar sem mögulegt er. Notast verður við jarðsög sem mun fræsa 40 cm breiðan skurð en jarðsögin er með um 2,5 m breiða sporvidd sem mun einnig valda raski. Alls má því gera ráð fyrir að svæðið sem verði fyrir raski sé um 3 m á breidd. Miðað er við að sverleiki stofnlagnar verði $\varnothing 280\text{mm}$ og þrýstifall vegna rennslis 80-100 Pa/m. Í sömu yfirferð og lagning vatnsveitulagnarinnar verður sandað yfir og fyllt upp í skurðinn og megi gera ráð fyrir raski umfram vatnsveituna vegna efnaflutninga og annarra tækja sem nýtt eru við framkvæmdir. Slóðagerð verður haldið í lágmarki. Við þverun áa verður fræstur skurður þvert á árfarvegina, um 1,2 m djúpur neðan árfarvegs, og vatnsveitulögn komið fyrir í skurðbotninum. Bakkar verða teknir niður áður en fræst er og kantarnir lagaðir eftir á. Hluti af leiðinni sem vatnsveitan mun liggja um er meðfram vegum en að stærstum hluta fer hún um ósröskuð svæði en framkvæmdaraðili leggur mikla áherslu á góðan frágang bæði á framkvæmdatíma og rekstrartíma. Þannig verður gengið frá framkvæmdasvæðinu jafnóðum til að koma í veg fyrir rof og

uppblástur af svæðinu og það að lagað að landinu umhverfis svo það fái sem náttúrulegast yfirbragð og komist sem fyrst aftur í fyrra horf.

Í umsögn Vegagerðarinnar kemur fram að mikilvægt sé að samráð verði haft við stofnunina vegna flutninga um vegakerfið og að leyfi þurfi fyrir öllum framkvæmdum og mannvirkjum innan veghelgunarsvæðis.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að samráð verði haft við Vegagerðina við undirbúning framkvæmdar og á framkvæmdatíma. Sótt verði um leyfi fyrir öllum tengingum við þjóðveg sem og fyrir öllum framkvæmdum innan veghelgunarsvæðis.



Mynd 1: Fyrirhuguð lega vatnslagnar frá Blákvísl að Flúðum (mynd fengin úr greinargerð framkvæmdaraðila)

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Hrunamannahrepps og umsögnum umsagnaraðila.

Áhrif á gróður

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugaðar framkvæmdir muni valda beinu raski á vistgerðum innan framkvæmdasvæðisins. Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar sé að finna vistgerðir með mjög hátt verndargildi auk vistgerða á lista Bernarsamningsins á framkvæmdasvæðinu. Hluti leiðarinnar muni þó fylgja vegi þar sem vistgerðum hefur nú þegar verið raskað. Hluti leiðarinnar mun hins vegar liggja um votlendissvæði. Fram kemur að frágangur að framkvæmdum loknum muni miða að því að nota núverandi gróður og vistgerðir á svæðinu við uppgræðslu. Að teknu tilliti til frágangs er það mat framkvæmdaraðila að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á vistgerðir verði nokkuð neikvæð á framkvæmdatíma en óveruleg að framkvæmdum loknum.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að skortur sé á kortum í nákvæmari skala til að meta áhrif lagnarinnar á gróðurfar og því sé nokkur óvissa um hvar lögnin muni liggja þegar leiðin sé skoðuð með tilliti

til gróðurfars og vegslóða. Stofnunin telji að fyrirhugaðar framkvæmdir muni ekki hafa tilfinnanleg áhrif þar sem hún liggi með vegslóð á láglandi og að miklu leyti framræstu votlendi. Öðru máli gegni þar sem lögnin sveigir frá vegi og fari um Alviðrudal, þar sem lögnin fari um Tungufellsdal og loks fyrirhugaða lagnaleið á heiðinni norðan Tungufellsdals. Þar fari hún um land sem sé gróið landvistgerðum sem sumar hverjar hafi hátt til mjög hátt verndargildi. Draga mætti úr neikvæðum áhrifum lagnarinnar á gróður með því að hliðra henni og láta hana fylgja vegslóðum og melum meira en gert sé ráð fyrir.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í greinargerð sé tafla sem sýni þær vistgerðir sem verði fyrir raski, verndargildi þeirra, flatarmál og hlutfall hverrar vistgerðar af framkvæmdasvæðinu sem byggji á vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar. Einnig kemur fram að lögnin sé ekki fullhönnuð og getur því endanleg leið vatnsveitu breyst lítillega. Framkvæmdaraðili þakkar fyrir ábendingar um svæði og vistgerðir sem gott væri að forðast. Við endanlegt val á legu lagnarinnar muni framkvæmdaraðili taka tillit til umsagnar Náttúrufræðistofnunar eins og mögulegt er.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur fram að mikilvægt sé að lágmarka rask á vistgerðum með hátt verndargildi og forðast votlendi eftir fremsta megni. Innan framkvæmdasvæðisins sé votlendi sem njóti sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd sem ekki skuli raska nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Ef gert sé ráð fyrir að votlendi verði raskað þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafi verið og ástæðu þess að þeir hafi ekki orðið fyrir valinu. Stofnunin áréttar að þar sem ekki er hægt að forðast rask á vistgerðum með verndargildi eða svæðum undir sérstakri vernd sé góður frágangur rasksvæða og fullnægjandi mótvægisáðgerðir forsendur þess að umhverfisáhrif framkvæmdar verði ekki umtalsverð. Brýnt sé að vöktunaráætlun framkvæmdar tryggi ofangreint, sérstaklega ef ákvarðað er að framkvæmdin sé ekki matsskyld. Einnig bendir stofnunin á að bakkagróður við ár og læki njóti sérstakrar verndar samkvæmt 62. gr. laga um náttúruvernd og að þveranir geti valdið staðbundnu raski á gróðri og bökkum, en árbakkinn geti gegnt mikilvægu vistfræðilegu hlutverki og því sé mikilvægt að rask sé lágmarkað og tryggt að frágangur stuðli að endurheimt bakkagróðurs í samræmi við ákvæði laganna. Náttúruverndarstofnun bendir á að vegna hugsanlegra áhrifa á fuglalíf, gróður, votlendi og bakkagróður sé nauðsynlegt að setja fram skýra vöktunaráætlun. Jafnframt þurfi að liggja fyrir aðgerðaáætlun þar sem skilgreint sé hvernig brugðist verði við ef áhrif reynast meiri en gert hafi verið ráð fyrir.

Í umsögn Lands og skógar kemur fram að vegna votlendis á framkvæmdasvæðinu sé rétt að hvetja til þess að legu lagnarinnar, eða þá verklagi við lagningu hennar, verði háttáð þannig að nokkuð tryggt sé að grunnvatnsstaða lækki ekki í votlendi sem lögnin fer um.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að lögnin sé ekki fullhönnuð og því geti endanleg leið vatnsveitu breyst lítillega. Framkvæmdaraðili muni taka tillit til votlendis, eins og hægt er, við ákvörðun endanlegrar legu vatnslagnar. Ef ekki verði hægt að komast hjá því að leggja skurð í votlendi muni framkvæmdaraðili leggja áherslu á að haga verklagi þannig að grunnvatnsstaða í votlendi lækki ekki. Hannaðir verði vatnspéttir þröskuldar á lagnaleiðinni sem komi í veg fyrir að votlendi finni sér leið til brottrásar eftir skurðinum. Haft verði samráð við viðeigandi sérfræðinga varðandi mótvægisáðgerðir vegna mögulegs rasks á votlendi. Varðandi bakkagróður svarar framkvæmdaraðili því til að þverun áa verði haldið í algjöru lágmarki. Þar sem ekki verði komist hjá þverun verði verklag þannig að rask verði sem minnst og frágangur stuðli að endurheimt bakkagróðurs.

Áhrif á fuglalíf

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að hluti af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði falli undir mikilvæg fuglasvæði, Suðurlandsundirlendi. Fuglalíf við framkvæmdasvæðið geti orðið fyrir tímabundnum truflunum meðan á lagningu vatnsveitu stendur. Einnig megi búast við tímabundnu búsvæðatapi á framkvæmdatíma en með góðum frágangi megi búast við að fuglar endurheimti svæðið. Framkvæmdaraðili telur að fyrirhugaðar framkvæmdir munu koma til með að hafa nokkuð neikvæð áhrif á fuglalíf framkvæmdatíma en óveruleg áhrif að framkvæmdum loknum.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að með framkvæmdunum megi reikna með töluverðum hávaða og annarri truflun sem geti haft neikvæð áhrif á varpfugla innan sem utan hins eiginlega framkvæmdasvæðis. Stofnunin telur að vegna mikils og ríks fuglalífs á þessum slóðum ætti að fresta framkvæmdum fram í ágúst en undirbúningsvinna geti þó hafist fyrr. Einnig sé mikilvægt að gengið sé frá jarðraski á þann hátt að

umhverfið sé sem líkast upprunalegu ástandi til að ekki sé hætt á neikvæðum langvarandi áhrifum á fugla á svæðinu.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur fram að mikilvægt sé að draga úr truflun á fuglalífi, m.a. með því að haga framkvæmdum á þann hátt að þær séu utan varptíma og mikilvægt sé að framkvæmdin valdi ekki uppskiptingu eða rýrnun búsvæða.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að á varptíma verði forðast að valda jarðraski til að draga úr áhrifum á fuglalíf.

Áhrif á ásjúnd og landslag

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að suðurhluti vatnsveitunnar muni liggja meðfram vegum en norðurhlutinn muni liggja um óröskuð svæði. Upptök Blákvíslar og norðurhluti veitunnar séu að mestu úr almannaleið og einungis sjáanleg úr fjarska. Veitan muni svo liggja meðfram Skeiða- og Hrunamannavegi að Flúðum. Helstu viðtakendur sem verði fyrir sjónrænum áhrifum af framkvæmdinni séu vegfarendur sem fari um þann veg en meðaltalsumferð yfir árið sé um 430 bílar á dag. Áhrif á ásjúnd verði helst á framkvæmdatíma en þar sem vatnsveitan verði lögð í jörðu verði áhrifin takmörkuð að framkvæmdatíma loknum þegar land hefur gróið. Framkvæmdaraðili muni leggja ríka áherslu á góðan frágang og telur að áhrif framkvæmdanna á landslag og ásjúnd verði óveruleg.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur fram að hluti lagnaleiðarinnar sé innan svæðis á náttúruminjaskrá, *Austurbakki Hvítárgljúfurs í Hrunamannahreppi* vegna fjölbreytts landslags við austurbakka Hvítárgljúfurs. Stofnunin leggur áherslu á að lagnaleiðin verði valin þannig að rask innan svæðisins verði sem minnst og að framkvæmdin rýri ekki verndargildi svæðisins.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdir munu valda tímabundnu raski á yfirborði en að framkvæmdum loknum og eftir að gróður hefur vaxið séu áhrif á landslag talin óveruleg og því telji framkvæmdaraðili að fyrirhugaðar framkvæmdir komi ekki til með að draga úr verndargildi svæðisins.

Áhrif á fornleifar

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að engar minjar séu skráðar í nágrenni fyrirhugaðra framkvæmda og er það því mat framkvæmdaraðila að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á fornleifar.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að fyrirliggjandi fornleifaskráningar hafi verið gerðar í tengslum við vinnu aðalskipulags í Hrunamannahreppi og nái þær einungis yfir lítinn kafla leiðar vatnslagnarinnar. Lögnin muni því liggja að mestu um óskráð svæði. Framkvæma þarf fornleifaskráningu í samræmi við núgildandi staðla sem feli m.a. í sér að svæðið sé kannað á vettvangi og allar sýnilega minjar mældar upp á áhrifasvæði framkvæmdanna og færðar í kortagrunn. Bent er á leiðbeiningarit um skráningu og vernd fornleifa vegna framkvæmda af þessu tagi, *Veituframkvæmdir og fornleifar*. Mikilvægt sé að allt áhrifasvæði framkvæmdanna sé skráð og tryggja að umferð stórvirkra véla valdi ekki skemmdum á fornleifum af vangá og í því samhengi bent á að gott sé að girða af þær minjar sem kunni að koma í ljós í námunda við framkvæmdasvæðið. Stofnunin áréttar að þegar fornleifaskráning liggi fyrir þurfi framkvæmdin að koma inn á ný til umsagnar Minjastofnunar.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að fornleifaskráning verði gerð fyrir framkvæmdasvæðið áður en framkvæmdir hefjist samkvæmt leiðbeiningum Minjastofnunar Íslands. Framkvæmdaraðili muni leita umsagnar Minjastofnunar Íslands vegna fornleifaúttektar á grundvelli 23. gr. laga um menningarmínjar.

Áhrif á vatnshlot

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugaðar framkvæmdir felist í vatnstöku úr grunnvatnshlotinu Kerlingarfjöll-Hreppar (103-287-G) en vatnstakan geti einnig haft áhrif á flæði í Búðará (103-873-R) auk þess sem lögnin muni þvera Búðará og Dalsá/Fossá (103-796-R). Framkvæmdaraðili telur að áhrif framkvæmdanna á efnafræðilegt ástand grunnvatnshlotsins verði engin og að áhrif á magnstöðu grunnvatnshlotsins verði lítilsháttar þar sem vatnshlotið sé stórt og grunnvatnsstreymi miðlungs. Þverun straumvatnanna geti haft áhrif á líffræðilega gæðabætti vatnshlötanna þar sem fræstur verði skurður í árfarveginn en áhrifin séu hins vegar tímabundin og talið að þau gangi hratt til baka eftir að framkvæmdum ljúki og því telur framkvæmdaraðili að áhrif framkvæmdanna á líffræðilega gæðabætti straumvatnshlötanna verði lítilsháttar. Talið er að þverunin muni ekki hafa nein áhrif á ástand straumvatnshlötanna. Einnig telur

framkvæmdaraðili að þverunin muni ekki hafa nein áhrif á efna- og eðlisefnafræðilega gæðabætti og lítilsháttar áhrif á vatnsformfræðilega gæðabætti straumvatnshlotanna þar sem vatnstakan kunni að hafa áhrif á vatnsbúskap í Búðará en hins vegar telur framkvæmdaraðili að umfang vatnstökunnar sé ekki þess eðlis að það hafi teljanleg áhrif á rennsli árinna. Það er niðurstaða framkvæmdaraðila að framkvæmdin muni ekki leiða til þess að ástand grunnvatnshlotsins Kerlingafjöll-Hreppar eða straumvatnshlotanna Búðará og Dalsá/Fossá hnigni eða að þau nái ekki umhverfismarkmiðum sínum. Framkvæmdaraðili telur því að áhrif framkvæmdanna á vatnshlot verði óveruleg.

HMS leitaði frekari umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar varðandi áhrifamat fyrir vatnshlot og kom þar fram að stofnunin telji að áhrifamat framkvæmdaraðila sé fullnægjandi á þessu stigi málsins en að mikilvægt sé að framkvæmdaraðili sé vakandi fyrir því að endurskoða og uppfæra áhrifamatið síðar í ferlinu eftir því sem gögn varðandi framkvæmdina verða nákvæmari og skýrari.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að unnið verði áhrifamat vatnshlota samkvæmt leiðbeiningum Umhverfis- og orkustofnunar og muni það fylgja með umsóknum til leyfisveitenda.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er ekki í samræmi við Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032 og kallar því á aðalskipulagsbreytingu. Ekki er talin þörf á deiliskipulagi vegna framkvæmdanna.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Hrunamannahrepps samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig nýtingarleyfi Umhverfis- og orkustofnunar samkvæmt lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Auk þess leyfi Forsætisráðuneytisins samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarhalds. Jafnframt er framkvæmdin háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands samkvæmt lögum um hollustuhætti og reglugerð um neysluvatn.

6 Niðurstaða

Um er að ræða lagningu 36 km langrar vatnslagnar frá Blákvísl að Flúðum í Hrunamannahreppi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 10.17 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli og staðsetning framkvæmdar og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli hennar, svo sem stærð og umfangi, nýtingu náttúruauðlinda, mengun, ónæði, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, svo sem með tilliti til votlendissvæða, landslagsheilda og kjörlendis dýra sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Um er að ræða framkvæmdir sem munu hafa tímabundin áhrif en eftir að framkvæmdum líkur munu áhrifin vera takmörkuð. Lagnaleiðin er að nokkrum hluta við vegstæði á svæði sem þegar er raskað. Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði er votlendi sem nýtur sérstakrar verndar og ber að forðast rask á því eftir fremsta megni en ef raska þarf votlendi þarf að rökstyðja þá ákvörðun og hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti það auk þess sem tryggja þarf að grunnvatnsstaða lækki ekki í votlendi sem lögnin fer um líkt og Land og skógur bendir á. Stofnunin tekur undir með Náttúrufræðistofnun varðandi val á leið lagnarinnar og að hafa eigi það sem markmið að valda sem minnstu raski á öröskuðu landi og þá einkum á votlendi og fylgja vegum og slóðum eins og kostur er. Þá liggur fyrir að framkvæmdirnar geta haft neikvæð áhrif á fugla og tekur HMS undir með Náttúruverndarstofnun og Náttúrufræðistofnun um að forðast eigi jarðrask á varptíma til að lágmarka áhrif á fugla. HMS telur að óvissa ríki um áhrif framkvæmdanna á fornleifar þar sem fullnægjandi fornleifaskráning liggur ekki fyrir og áréttar að áður en til leyfisveitinga og framkvæmda komi þurfi fornleifaskráning fyrir

framkvæmdasvæðið að liggja fyrir og tryggt að samráð hafi átt sér stað við Minjastofnun Íslands varðandi áhrif framkvæmdanna á fornleifar. Að mati HMS er framkvæmdin ólíkleg til að hafa neikvæð áhrif á vatnshlot en endurskoða og uppfæra þarf áhrifamat fyrir vatnshlot eftir því sem gögn varðandi framkvæmdina verða nákvæmari líkt og Umhverfis- og orkustofnun bendir á. Það er mat HMS að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa nokkuð neikvæð áhrif á gróður en með boðuðu verklagi, mótvægisaðgerðum og góðum frágangi verði hægt að draga úr áhrifunum. Framkvæmdin mun koma til með að hafa nokkuð neikvæð áhrif á fugla og landslag og ásýnd á framkvæmdatíma en óveruleg að framkvæmdum loknum. Að mati HMS kalla þættir sem falla undir eðli og staðsetningu framkvæmdar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða HMS að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 8. júlí 2026.

Reykjavík, 8. júní 2026

Jakob Gunnarsson

Jóhanna Hrund Einarsdóttir

